

FUNDARBOÐ

Aðalfundur HAUST 2022

Hér með er boðað til aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs.

miðvikudaginn 26. október 2022 kl. 13:30

Fundurinn verður haldinn í Múlanum, Neskaupstað

Drög að dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2021
2. Ársreikningar 2021 lagðir fram
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár
5. Gjaldskrá HAUST
6. Umræður um gjaldskrá og fjárhagsáætlun
7. Ný heilbrigðisnefnd tekur til starfa
8. Önnur mál

Fundargögn og endanleg dagskrá verða send þegar nær dregur en að lágmarki viku fyrir fund.

Með fylgja upplýsingar um fjölda atkvæða/fulltrúa hvers sveitarfélags á aðalfundi og þær greinar stofnsamnings er lúta að aðalfundi.

Óskað er eftir að aðildarsveitarfélög sendi til HAUST upplýsingar um hvaða fulltrúar sitja aðalfund og fara með atkvæði fyrir þeirra hönd í síðasta lagi 21.10. nk. á netföngin haust@haust.is eða lara@haust.is

Fundarboðið er aðeins sent í tölvupósti.

Tafla yfir fjölda atkvæða/fulltrúa sveitarfélaga á aðalfund HAUST 2022

Sveitarfélag	Íbúafjöldi *	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2021
Vopnafjarðarhreppur	665	3
Fljótsdalshreppur	103	1
Múlaping	5.057	15
Fjarðabyggð	5.206	15
Hornafjörður	2.450	8
Alls	13.481	42

*Íbúafjöldi 1.1.2022 skv. heimasiðu hagstofunnar

Úr stofnsamningi byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands:

Úr 8.gr.

Aðalfundur HAUST skal haldinn eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Skal miða við það að dreifa staðsetningu aðalfundanna um starfssvæðið. Til aðalfundar boðar stjórn eigi síðar en þrem vikum fyrir fundardag. Eigi síðar en 1. nóv. og a.m.k. einni viku fyrir aðalfund skal öllum aðildarsveitarfélögum hafa verið send dagskrá hans, ársreikningar fyrir næstliðið starfsár og fjárhagsáætlun þar sem fram kemur áætlað framlag hvers og eins aðildarsveitarfélags og áætlaðar breytingar milli ára m/v niðurstöðutölu áætlunarinnar. Með samþykkt fjárhagsáætlunar er jafnframt ákveðið heildarframlag aðildarsveitarfélaganna fyrir viðkomandi starfsár.

Úr 9. gr.

Sérhver sveitarstjórn á starfssvæði HAUST kýs árlega a.m.k. einn fulltrúa og annan til vara á aðalfund og aðra fulltrúafundi. Séu fulltrúar fleiri en einn skal getið um skipting atkvæða milli þeirra á kjörbréfi.

Fjöldi íbúa:	Fj. Fulltrúa a.m.k.:	Viðbót:	Vægi atkv.:
0 - 200	1		1
201 - 550	1	1	2
551-900	1	2	3
901-1250	1	3	4
1251-1600	1	4	5
1601-1950	1	5	6
1951-2300	1	6	7
2301-2650	1	7	8
2651-3000	1	8	9
3001-3350	1	9	10
3351-3700	1	10	11
3701-4050	1	11	12
4051-4400	1	12	13
4401-4750	1	13	14